



Skipverji slasast Bókun

Mál nr.: 2025-011-S-004 Baldvin Njálsson GK 400

Dagsetning: 5. febrúar 2025

Staðsetning: Hornbanki

Atvik: Maður slasast á hendi

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 5. febrúar 2025 var Baldvin Njálsson GK 400 að veiðum á Hornbanka. Veður var SSA 13 m/s. Verið var að taka veiðarfærið og ætlaði skipverji að lása úr skotti sem var lásað við upphalarakeðjuna. Slinkur kom á skottið með þeim afleiðingum að skipverjinn slasaðist á vinstri hendi.

1. Helstu staðreyndir

Baldvin Njálsson GK 400

Skipaskrár. nr. 2992

Útgerð: Nesfiskur ehf.

Smíðaður: Vígo, Spánn 2021

Stærð: 2.889 BT

Mesta lengd: 66,2 m

Breidd: 16,0 m

Vél: WARTSILA, 2999 kW, 2020

Fjöldi skipverja: 14



Gögn:

Gögn RNSA



2. Atvikalýsing

Þann 5. febrúar 2025 var Baldvin Njálsson að veiðum á Hornbanka. Veður var SSA 13 m/s.

Verið var að taka veiðarfærið og hlerarnir komnir upp og búið að lása úr þeim. Þá var híft í upphalarakeðjuna þar til hún var strekkt og síðan var henni slakað aftur til að losa skottið. Á sama tíma var verið að hífa í grandarana og var þá skottið laust í annan endann en hinn endinn var í upphalarakeðjunni sem var á spili. Verið var að slaka keðjunni til skipverjans þegar slysið varð. Var hann bakborðsmegin og ætlaði að lása úr skottinu. Fór hann út í rennuna því skottið lá stjórnborðsmegin í henni. Þegar hann tók í skottið til að lása því úr kipptist það til með þeim afleiðingum að vöðvafesting gaf sig í upphandlegg og vöðvinn rifnaði að hluta til.

Hinn slasaði varð óvinnufær og var farið með hann til hafnar á Neskaupstað fjórum dögum síðar.

3. Greining

Hinn slasaði gerði sér ekki grein fyrir hvað hafði gerst þar sem hlutirnir gerðust hratt. Að sögn skipstjóra taldi hann að annað hvort hafi upphalarakeðjan farið hálfhring til baka og kippt í vírinn sem enginn hafði tekið eftir en hann vissi ekki til þess að það hefði gerst áður. Hinn möguleikinn var að skottið hefði skotist undan gröndurunum þar sem verið var að hífa í þá á sama tíma og hinn slasaði tók í skottið.

Skipstjórinn sagðist hafa talað við menn sem urðu vitni og enginn getað sagt með vissu hvað gerðist.

Guðmundur Frey Úlfarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttur, Pálmi Jónsson, Hilmar Snorrason og Jón Finnbjörnsson

